

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Garðaborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2. Um innra mat á leikskólum	7
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári	8
3. Ytra mat	9
4. Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	14
5. Skipulagt starf barna með annað móðurmál en íslensku	16
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	18
7. Foreldrasamvinna	20
8. Samstarf leik-og grunnskóla	21
9. Skipulagsdagar	21
10. Fylgigögn - Leikskóladagatal	22
10.1 Matsgögn	23
10.2 Umsögn foreldraráðs	25

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: Lýðræði – barnasáttmáli – efniviður

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Starfsárið byrjaði ljómandi vel og var skólinn vel mannaður og hófst aðlögun nýrra barna um miðjan ágúst og lauk að mestu um mánaðarmótin ágúst-september. Veturinn einkenndist af hefðbundnum störfum og verkefnum og leiðarljós leikskólans haldið á lofti. Börnin hvött til að koma hugmyndum sínum á framfæri, prufa og rannsaka í samtarfi við kennara og starfsfólks skólans. Þegar líða tók á veturinn fór starfsemin að þyngjast tímabundið vegna skammtímaveikinda starfsfólks og kom sá dagur sem við þurftum að skerða þjónustu einn dag og voru 10 börn af yngri deildinni send heim.

Foreldrar tóku aðstæðunum með miklum skilningi og sem betur fer var ekki þörf á að skerða þjónustu oftast yfir veturinn. Í byrjun árs 2018 lét einn starfsmaður störfum og var ráðið í



þá stöðu auk þess sem var ráðið í eina afleysingastöðu. Þegar boð kom frá Skóla-og frístundasviði um aukið fjármagn vegna barna af erlendum uppruna auk þess að aukafjármagn kom vegna barns í elsta árgangi sem kom erlendis frá í janúar var ákveðið að ráða starfsmann í hlutastarf til að sinna þessum málaflokki og hefur sú vinna skilað sér sannarlega inn í skólann. Vegna komu tveggja nýrra starfsmanna var hægt að senda starfsmann á Eflingarnámskeið I og II auk þess og veikindarhlutfall hækkaði mikið í vor og ef ekki hefði verið fyrir þessa starfsmenn hefðum við þurft að fara í þjónustuskerðingu.

Samstarf



Samstarf við aðra starfsemi í hverfinu fer batnandi og bættist í þá flóru í ár. Elsti árgangurinn sótti íþróttir hjá Víkingi líkt og undanfarna tvo vetur og er slíkt samstarf ómetanlegt. Næst elsti árgangurinn fékk svo nokkrar íþróttastundir á vorönn. Í Víking tekur íþróttakennari á mótum börnunum og er búin að

skipuleggja hverja stund fyrir sig og eru kennararnir börnunum til aðstoðar. Gert er ráð fyrir að samstarfið haldi áfram.

Barnahópar hafa sótt Kringlubókasafn að miklum móð í vetur, fengið skipulagðar upplestrarstundir og tekið bókasafnsbækur að láni. Bókasafnið er í bærilegu göngufæri og fara eldri börnin oft gangandi

aðra leið og taka strætó hina leiðina. Yngri börnin fara með strætó báðar leiðir og er það ekki síður spennandi.

Sönghópur var búin til úr tveim elstu árgöngunum sem sungu fyrir eldri borgara í Hvassaleiti líkt og undanfarin ár en í vetur hófust viðræður um samstarf Garðaborgar og Furugerði 1 sem er þjónustuíbúðir aldraða. Í fyrstu var hugmyndin að fara af stað með tilraunaverkefni sem byggir á verkefnum sem unnin hafa verið t.d. í Englandi



en það byggir á samvinnu barna og eldri borgara í daglegum verkefnum í sex vikur samfleytt. Með meiri umræðu og vangaveltum breytist verkefnið úr tilraunaverkefni í samvinnuverkefni sem við köllum *Kynslóðir leika* og mun fara á stað næsta haust. Þá munu næstelsti árgangurinn heimsækja



Furugerði einn dag í viku og þeir eldri borgarar sem valdir verða í verkefnið vinna með börnunum að ýmsum verkefnum, spila saman, fara í leikfimi o.s.frv. En við hófum tengingu milli Garðaborgar og Furugerðis 1 í vetur með því að einn árgangur fór í Furugerði og máluðu piparkökur með gamla fólkinu, fyrir bolludaginn voru gerðir bolluvendir og fyrir páska unnu þau að páskaskrauti. Það sem hefur staðið uppúr í þessum ferðum hópsins hjá báðum aðilum eru heimsóknir í íbúðir eldri borgaranna. Íbúar hafa boðið börnunum að heimsækja þau í íbúðirnar sínar og haft gaman að. Börnin mjög áhugasöm og forvitin og hefur myndast skemmtileg tenging milli hópanna. Verkefnið sem slíkt verður endurmetið samfara þeim dögum sem börnin fara í Furugerði í haust.

Samstarf við grunnskólann hefur verið ábótavant undanfarin ár og vonum við að komandi vetur verður gerð bragabót á því. Fastur liður er samt á hverjum vetri að 7.bekkur Breiðagerðisskóla kemur í kringum 16.nóvember á degi Íslendrar tungu og hafa lestrarstund með börnunum. Grunnskólabörnunum er úthlutaður hópur barna og hafa þau fengið vitneskju fyrirfram hvaða aldur leikskólabörnir eru sem á að lesa fyrir svo þau velja bækur sem hæfa aldri. Leikskólabörnir eru mjög spennt fyrir stóru krökkunum og hlusta hugfangin á þau lesa.



Vináttuverkefni:



Tveir starfmenn fóru á námskeið hjá Barnaheill varðandi Vináttuverkefnið Blæ og í framhaldi af því höfðu þessir starfmenn kynningu fyrir annað starfsfólk. Mikill áhugi myndaðist fyrir verkefninu og var ákveðið að Garðaborg færi inn í verkefnið og hófst það formlega í vor þegar börnin fóru í gönguferð öll saman og fundu Blæ í fallhlíf á róló hér nálægt og „björguðu honum“. Elstu börnin fóru í gönguferð í Barnaheill og sóttu litlu bangsana sem hvert barn fær í

verkefninu og afhentu þau yngri börnunum bangsa í sameiginlegri samverustund. Einn starfmaður er umsjónamaður verkefnisins og gert er ráð fyrir að fleiri starfmenn fari á námskeið Barnaheilla í haust.

Samskipti


Unnið hefur verið að því að skapa jákvætt andrúmsloft innanhús meðal starfsmanna og lagt áherslur á aukið upplýsingaflæði. Fleiri starfsmannafundir hafa gert mikið gagn í því sambandi auk þess sem á flestum skipulagsdögum hefur verið tekin tími í starfsmannafundi þar sem við tölum saman og vinnum markvisst að því að ganga öll saman í takt. Þar sem menning er sterk verður til heill hellingur af óskráðum reglum og mikil þekking í „veggjunum“. Á þessum fundum höfum við verið að miðla upplýsingum, koma okkur saman um sameiginlega sýn og vinna á óskráðu reglunum.



2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra um starfið á síðasta ári

Vesturdeild og Austurdeild

Við störtuðum vináttuverkefninu með bangsann Blæ. Sendir voru tveir starfsmenn á námskeið og sáu þeir um að kynna verkefnið fyrir hinu starfsfólkinu á starfsdegi. Starfsmenn hafa verið að prófa sig áfram með vináttustundir og verður farið að fullum krafti í verkefnið í haust. Vanda Sigurðardóttir verður fengin á starfsdag til að halda fyrirlestur um eineti og vináttutengsl barna. Fyrirlestur frá Fríðu Bjarney (sem var í maí) kom einnig inn á þetta málefni.

Í búningagerð barnanna er starfsfólk orðið öruggara í að styðja börnin í sinni sköpun. Það sama á við í vinnu með jólagjafir barnanna til foreldra sinna, þar sem börnin vinna með sínar eigin hugmyndir. Ábyrgðin hefur dreifst betur á milli starfsmanna og fleiri farnir að taka þátt í þessari vinnu.

Ákveðin þróun átti sér stað á því leikefni sem boðið er upp á í leikskólanum. Til að auðga leik barnanna tókum við inn ýmsan nýjan efnivið á leiksvæðum barnanna.

Áhersla var lögð á efla börnin í félagslegum samskiptum. Einnig var lagt upp með að starfsmannahópurinn væri samstíga í sínum samskiptum við börnin. Þannig að allir brugðust eins við í aðstæðum þar sem erfið samskipti komu upp.

Nýtt starfsfólk hefur bæst í hópinn og höfum við þurft að leiðbeina því í starfinu. Kenna þarf rétt vinnubrögð varðandi einingakubba og holukubba sem og aðra þætti í starfinu.

Innra mat

Unnið af deildarstjórum beggja deilda:

Tími	Mat
Ágúst	Aðlöglun gekk vel. Búið var að færa öll börn á milli deilda áður en ný komu í hús. Aðlögun á yngri deild var endurskoðuð og endurbætt.
September	Starfsdagur var snemma í mánuðinum. Kom vel út að hafa hann svona snemma. Góður undirbúningur fyrir vetrarstarfið náðist.
Október	Alþjóðlegi bangsadagurinn var haldinn hátíðlegur með náttfötum og böngsum og er alltaf vinsæll. Allir glaðir
Nóvember	Starfsdagur - góð tímasetning.
Nóvember/ Desember	Jólagjafir barnanna. Hvert barn býr til jólagjöf fyrir foreldra sína út frá sinni eigin hugmynd. Tímafrekt en mjög dýrmætt. Yngstu börnin búa til gipsplatta með lófafari.
	Kakó í garðinum. Var mjög kalt en stillt. Við vorum úti. Hveramiðstöðin dældi vatni úr garðinum og gaf okkur sand. Starfsfólk leikskólans sandaði garðinn.

	<p>Jólaleikrit. Jól í tösku. Börnin sátu á stólum og dýnum. Hlustuðu með athygli og skemmtu sér vel. Viljum halda þessum viðburði áfram.</p> <p>Jólamatur/ball. Sameiginlegt ball hjá báðum deildum. Dansað í kringum jólatréð, diskur í tæki og sungið með. Þarf að passa að syngja ekki of mörg lög. Sameiginleg ávaxtastund eftir dansinn.</p> <p>Matur í sal hlaðborð. Var flæði. Báðar deildir borðuðu á sama tíma. Yngstu börnin fengu að borða í fyrsta holti. Kom vel út með tilliti til hvíldartíma. Maturinn gekk vel. Gott var að vera búnað að skera kjöt fyrirfram fyrir yngstu börnin.</p>
Janúar	<p>Starfsdagur. Nýttur í námskrárvinnu.</p> <p>Vasaljósadagur sem tókst vel allir mættu með vel merkt vasaljós.</p> <p>Þorablót. Gekk vel. Hlaðborð í matsal. Deildar borðuðu saman. Búið var að skera kjöt fyrir yngstu börnin sem flýtti töluvert fyrir. Einnig var búið að smyrja flatkökur. Gott væri ef búið væri að skipuleggja hlutverk allra.</p> <p>Búningagerð. Börnin gerðu búninga eftir eigin hugmynd. Teikna mynd og yfirfæra í búning. Yngstu börnin mála á bol að heiman. Frábært að hafa samavél.</p>
Febrúar	<p>Starfsdagur. Fórum á leikskólaráðstefnu á Nordica fyrir hádegi unnum svo í Garðaborg eftir hádegi. Unnið var að innra starfi á deildum.</p> <p>Opin vika. Ekki miklar undirtektir hjá foreldrum. Einhverjir komu þó í heimsókn. Meira um ömmur og afa en hefur áður verið. Fólk valdi frekar að koma í lok dags.</p> <p>Bolludagur. Komu bollur í kaffinu. Viljum halda því áfram.</p> <p>Sprengidagur Salt kjöt og baunir. Var sæmilega borðað. En við viljum halda í þessa hefð. Þá er gott að hafa saðsamt brauð í kaffinu.</p> <p>Öskudagur. Búningasýning var hjá árgangi 13 og 14. Yngstu sungu og elstu sýndu leikrit. Gekk mjög vel kom vel út. Öskuball og dans og f jör. Sameiginleg ávaxtastund hjá öllum. Passa þarf upp á að tekið sé nægilega mikið af myndum af þessum viðburði. Pantaðar voru pizzur frá Dominos. Það gekk vel fyrir utan smá klúður varðandi ofnæmisfæðið. Kókosolía/mjólk í veganosti.</p>
Mars	<p>Starfsdagur. Góður og þarfur starfsmannafundur. Tiltekt eftir málningarvinnu.</p>
Apríl	<p>Foreldraviðtöl. Ætlum að breyta fyrirkomulagi á þeim og tengja þau við afmælistíma barnanna. 1 viðtal á ári nema þörf sé á aukaviðtali. Boðið verður upp á óformlegt spjall að hausti ef foreldrar sækjast eftir því. Sérstaklega með ný börn í huga og þau sem fluttu yfir á eldri deild.</p>
Mái	<p>Starfsdagur. Endurmat, deildarfundir og Fríða Bjarney kom með fyrirlestur um fjölmenningu, með áherslu á tvítýngd börn.</p>
Jún-ágúst	<p>Setja upp skipulag fyrir útiveru. Þarf að dreifa starfsfólkinu betur um garðinn.</p>

Stjarna vikunnar er verkefni sem var í gangi á báðum deildum. Á yngri deild þarf að passa upp á að láta foreldra yngstu barnanna vita með tölvupósti þegar þeirra barn á að fara heim með bangsa í tösku. Á eldri deild er gott að hafa einn bangsa fyrir hvern hóp. Viljum halda þessu verkefni áfram.

Kom of oft fyrir að deildarfundir féllu niður. Oft var það vegna manneklu en stundum vegna þess að önnur verkefni þurftu að hafa forgang. Nauðsynlegt er að láta þessa fundi standa til að bæta upplýsingaflæðið. Þurfum að vera sveigjanlegar og getað hnikað þeim til. Fara yfir stöðuna á mánudagsfundum og skipuleggja þannig að hægt sé að halda deildarfundum.

Viljum halda áfram vinnu með jólagjafir út frá eigin hugmyndum barnanna. Einnig öskudagsbúningavinnunni þar sem börnin útfæra eigin hugmyndir.



Útskriftarárgangur 2017-2018

Umbótaáætlun Austur-og Vesturdeildar

Umbóta-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Deildarfundir	Stefnt er að því að halda vikulega deildarfundir	Framkvæmt með því að stjórnendur halda fund á mánudegi til þess að hægt sé að leggja línurnar fyrir deildarfundir vikunnar. Sveigjanleiki þarf að vera til staðar til þess að hægt sé að finna hentuga daga fyrir fundi.	September-júní	Deildarstjórar	Safnað verður gögnum þar sem haldið verður utan um þá fundi sem verða haldnir. Útbúið verður eyðublað þar fundir verða skráðir (Ef fundir falla niður þarf að skrá ástæðu fyrir því). Endurmat verður í desember.	Gögn verða tekin saman og unnið úr þeim á myndrænan hátt, þar sem skýrt mun koma í ljós hvort markmiðunum hefur verður náð.
Dreifing starfsfólks á svæði í útiveru. *Matsblað í viðhengi	Stefnt er að því að dreifa starfsfólkinu betur um leiksvæðið í útiveru.	Það verður framkvæmt þannig að útbúið verður skipulag þar sem útsvæðinu verður skipt í minni svæði. Hverjum og einum starfsmanni verður úthlutað einu svæði sem hann ber ábyrgð á. Starfsmenn munu skipta um svæði daglega.	Byrjað verðu á þessu í júní og fram í september (á meðan viðrar til mikillar útiveru).	Ábyrgðin liggur hjá öllu starfsfólki. Hver og einn þarf að vita hver svæðin eru og hvar þau afmarkast.	Myndaður verður rýnihópur að hausti þar sem farið verður yfir sumarið og hvernig gekk að halda þessu skipulagi. Notaður verður starfsdagur að hausti til að sinna þessari vinnu.	Unninn verður matslisti sem starfsfólk fyllir út að hausti og út frá honum verður metið hvort markmiðinu hafi verið náð.

3. Ytra mat

- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar var gerð í janúar og febrúar 2018 og var hún rafræn. Niðurstöður könnunarinnar birtast í Qlik Sense sem auðveldar alla úrvinnslu og auðvelt að gera samanburð milli ára.
- Samkvæmt könnuninni líður starfsfólki almennt vel í starfi. Spurningar eins og að hafa sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf kemur vel út, telur sig hafa gott starfsöryggi og hæfilegt vinnuálag hefur hækkað í könnuninni milli ára þ.e. starfsfólk telur vinnuálag meira hæfilegra en áður. Metnaður fyrir starfinu er mikill og ánægja í heildina í starfi hefur hækkað milli ára.
- Það sem kemur verst út og þarf að huga að er að hafa starfsþróunarsamtölin fyrr þar sem sú spurning hefur lágt hlutfall þar sem formleg starfsþróunarviðtölin fóru fram í apríl á þessu ári. Áætlað var að hafa viðtöl tvisvar á ári, eitt óformlegt að hausti og annað formlegt að vori, en ekki náðist sú vinna á haustdögum og voru því bara formleg starfsþróunarviðtöl að vori. Bæta þarf móttöku nýrra starfsmanna og veita betri fræðslu og þjálfun í upphafi. Vinnuaðstaðan fær alltaf lága einkunn í viðhorfskönnun og má benda á að undirbúningsherbergi kennara er í einum af andyrum leikskólans og þarf að gera breytingar á því. Upplýsingaflæði er þáttur sem vonast var til að færi hærra í könnuninni en svo er ekki svo haldið verður áfram í að bæta hana.

Umbótaáætlun út frá viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfsþróunarviðtöl	Gefur starfsfólki tækifæri á að ræða við leikskólastjóra um líðan í starfi og endurmenntun	Óformleg viðtöl að hausti um væntingar til markmið starfsfólks. Formlegri viðtöl að vori þar sem farið er yfir veturinn.	September-apríl	Leikskólastjóri	Mái 2019	Taka saman niðurstöður beggja viðtala.
Aukið upplýsingaflæði	Veita meiri upplýsingar til starfsfólks	-Fundargerðir verði formlegri af deildar- og stjórnendafundum sem allir hafi aðgang að. -Settar upp upplýsingatöflur á deildum með skipulagi hvers mánuðs fyrir sig.	Ágúst-desember	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Í Desember	Gerð verður stutt skoðunarkönnun meðal starfsfólks með rafrænum hætti.

4. Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Á síðasta ári var ekkert barn sem naut sérkennslu eða stuðnings. Búið var að senda tilvísanir vegna tveggja barna í elsta hóp og fóru þau í greiningarferli. Enginn stuðningur fékkst fyrir þessi börn en fengum ráðgjöf. Þrjár tilvísanir voru sendar á vorönn og bíða tvær þeirra eftir að vera teknar fyrir. Fyrir tilvísunina sem var tekin fyrir, fengum við hegðunarráðgjöf fyrir barnið á deildina. Einnig fer barnið með einum kennara í æfingu í félagsfærni.

Höfum sótt um stuðningstíma fyrir barn sem er heyrnarskert.

Málörvunarhópar voru settir upp. Hef sótt mér EFI-2 námskeið til að málþroskaskima öll börn á fjórða ári svo hægt sé að vera með snemmtæka íhlutun í málþroskanum. Nokkur börn eru hjá talmeinafræðingum út í bæ og höfum við eftir þörfum sinnt málörvun fyrir þau. Mörg börn eru tvítyngd hjá okkur og hafa þau verið í málörvunarhópum sem einn kennari hefur sinnt.

Engar einstaklingsnámskrár hafa verið gerðar á þessu skólaári.

Samstarf við foreldra hefur gengið mjög vel. Einnig að halda teymisfundi og aðra fundi sem við koma foreldrasamvinnu.

Samstarf við þjónustumiðstöðina hefur verið gott og ég hef getað leitað til þeirra með mál sem ég hef ekki verið viss um hvernig ég hef átt að snúa mér í. Hef ekki þurft að leita til annarra stofnanna.

Samstarf mitt við starfsfólk í leikskólanum tel ég vera gott. Starfsfólk leitar til mín ef það hefur þurft að fá aðstoð með að skoða börn sem þau hafa áhyggjur af.

Ég tók við stöðu sérkennslustjóra s.l. haust og hafði sú staða ekki verið í eitt ár þar sem fyrrverandi sérkennslustjóri fór í námsleyfi og hætti í framhaldinu. Þar með hef ég verið að byggja upp starfið í vetur því og hefur það verið markmiðið að búa til skipulag og hentugt vinnulag í samræmi við starfshlutfall sérkennslustjóra í leikskólanum.

Umbótaáætlun sérkennslustjóra

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einstaklings - námskrá	Markmiðið er að vinna markvissara með þeim börnum sem þörf er á að veita meiri þjónustu	Gera einstaklingsnámskrár fyrir börnin sem tilvísanir eru sendar út af.	September-maí	Sérkennslustjóri	Maí	Fara yfir veturinn, samræða við deildarstjóra og aðila sem koma að sérkennslu
Samráðsfundir	Aukin samvinna deilda og sérkennslustjóra	Samráðsfundir einu sinni í mánuði	September-Desember	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri	Desember	Samræða deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra

5. Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fjölmenningarlegt leikskólastarf:

- Í febrúar var ráðinn inn starfsmaður til að sinna málörvun fyrir tvítyngd börn
- Sérkennslustjóri og starfsmaðurinn hafa farið á fræðslufundi hjá Reykjavíkurborg í tengslum við mál og læsi tvítyngdra barna og móttöku og aðlögun barna sem hafa íslensku sem annað mál.
- Á starfsdegi leikskólans 22. maí 2018 kom Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi um fjölmenningu í leikskóla og var með fyrirlestur fyrir alla starfsmenn.
- Í leikskólastarfinu hafa verið sungin lög á þeim tungumálum sem börnin tala, t.d. meistari Jakob.

Í leikskólanum eru þrettán tvítyngd börn og tala þau sjö mismunandi tungumál: ensku, sænsku, pólsku, víetnömsku, þýsku, spænsku og hollensku.

Hvernig hefur verið unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?

- Unnið var með tvítyngdu börnunum ýmist ein eða í hóp og þá gjarnan með börnum sem höfðu íslensku að móðurmáli.
- Til að örva orðaforða, málskilning, tjáningu og frásögn og hlustun hefur helst verið stuðst við samræðulestur. Þá er bók lesin fyrir lítinn hóp barna og söguþráðurinn ræddur og erfið orð útskýr. Næst voru börnin fengin til að taka þátt í að rifja upp hvað gerðist í sögunni og útskýra með orðum og leik hvað orðin þýða. (Dæmi: sýna hvernig maður „læðist“ eða „þrammar“ eða er „hissa“).
- Þá hafa börnin verið hvött til að segja kennaranum hvernig nýju orðin eru á þeirra móðurmáli.
- Söguspilið, tvenna, orðabingó og samstæðuspil hafa einnig verið notuð í málörvun.
- Almenn spjall við börnin um þeirra líf, áhugamál, fjölskyldu og tilfinningar er einnig mikið notað til að örva tjáningu og frásögn.

Samskipti við foreldra

Móttaka foreldra er í höndum deildarstjóra í flestum tilfellum nema um er að ræða ef leikskólinn hefur starfsfólk sem talar móðurmál foreldranna sem hefur gerst og myndast þá mikið traust og tenging við þann starfsmann til að byrja með. Síðar fara aðrir starfsmenn inn í þau samskipti.

Foreldrum er boðin foreldraviðtöl þar sem þau fá ítarlega fræðslu um leikskólann. Foreldrum er bent á ýmsar upplýsingar sem það getur aflað sér og veitt er fræðsla um hvernig best sé að standa að námi barnsins í íslensku.

Í mörgum tilfellum er höfð samskiptabók sem fer heim með barninu þar sem kemur fram hvað barnið hefur tekið sér fyrir hendur um daginn og líðan þess. Einnig settar inn myndir sem gefur barninu tækifæri til að segja foreldrum sínum frá deginum.

6. Starfspróunarsamtöl og fræðsla

- **Starfspróunarsamtöl**

- Formleg starfspróunarsamtöl fara fram að vori þar sem farið er yfir líðan í starfi, símenntun, vinnuframlag o.s.frv. Þessi viðtöl voru tekin í apríl 2018 og ekki á leikskólanum sem starfsfólki fannst gott að breyta til og fara eitthvað annað.
- Fyrir 2018-2019 mun vera ½ haustsamtöl þar sem farið er yfir líðan í starfi, hugmyndir og notað sem tækifæri til að styrkja tengsl leikskólastjóra og starfsmanna.

- **Símenntun frá síðasta ári**

Símenntun	Fjöldi	Hópar	Leið
Ráðstefna fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar	Allt starfsfólk skólans	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennarar, sérkennslustjóri, leikskólaleiðbeinendur A og B, starfsmaður 2	Fyrilestrar
Námskeið fyrir sérkennslustjóra	1	Sérkennslustjóri	Námskeið
EFI-Réttindanámskeið	1	Sérkennslustjóri	Námskeið
Lesið í leik hjá Miðju máls og læsis	2	Starfsmaður 2 og Leikskólaleiðbeinandi A	Námskeið
Námskeið um vináttu hjá Barnaheill	1	Leikskólaleiðbeinendur A og B	Námskeið
Fjölmennning í leikskólastarfi	Allt starfsfólk skólans	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennarar, sérkennslustjóri,	Fyrilestur - verkefnavinna

		leikskólaleiðbeinendur A og B, starfsmaður 2	
Lesið í leik	2	Leikskólaleiðbeinandi A, Starfsmaður 2	Námskeið
Fagnámskeið I	1	Starfsmaður 2	Námskeið
Fagnámskeið II	1	Starfsmaður 2	Námskeið
Workplace	Allt starfsfólk skólans	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennarar, sérkennslustjóri, leikskólaleiðbeinendur A og B, starfsmaður 2	Fyrirlestur
Markaðsmál	1	Leikskólastjóri	Fyrirlestur
Möguleikar Facebook	1	Leikskólastjóri	Fyrirlestur
SAP	1	Leikskólastjóri	Námskeið
Inngangur og gerð auglýsinga í SAP	1	Leikskólastjóri	Námskeið
Exel	1	Leikskólastjóri	Námskeið
Geðrækt	2	Leikskólastjóri og Aðstoðarleikskólastjóri	Fyrirlestrar
Vinnuréttur	1	Leikskólastjóri	Fyrirlestur

- **Áætlun um símenntun í leikskólanum fyrir 2018-2019**

Símenntun	Fjöldi	Hópar	Leið
Námskeið um vináttuverkefni Barnaheilla	4	Deildarstjórar, leikskólaleiðbeinendur A og B	Námskeið
KVAN – Börn í félagslegum vanda	Allt starfsfólk skólans	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennarar, sérkennslustjóri, leikskólaleiðbeinendur A og B, starfsmaður 2	Námskeið um greiningu á félagslegri stöðu barna á leikskólaaldri. Tengist verkefninu um Vináttu
Skyndihjálp	Allt starfsfólk skólans	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, leikskólakennarar, sérkennslustjóri, leikskólaleiðbeinendur A og B, starfsmaður 2	Námskeið
Innra mat	4	Deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri	Námskeið
Fagnámskeið 1	1	Starfsmaður 2	Námskeið
Námskeið í íslensku fyrir erlenda starfsmenn	2	Leikskólaleiðbeinandi A og B	Námskeið

7. Foreldrasamvinna

- Þrír fulltrúar foreldra sitja í foreldraráði. Fundað er með leikskólastjóra þegar þörf er á.
- Kosið er í foreldrafélag á hausti á aðalfundi foreldrafélagsins. Eru fimm fulltrúar foreldra og tveir varamenn og einn fulltrúi leikskólans. Þar sem skólinn er lítill og erfitt hefur verið að fylla í þessi störf verður lagt til í haust að þeir fulltrúar sem sitja í foreldraráði séu einnig í stjórn foreldrafélagsins ásamt tveim öðrum.

- Foreldraviðtöl eru í flestum tilvikum einu sinni á önn, í október og apríl. Elstu börnin fá sín viðtöl með foreldrum sínum í lok maí og byrjun júní. Nýjum foreldrum er boðin viðtöl snemma á haustin þar sem farið er yfir aðlögunina og líðan barnsins. Í haust 20018 verður breyting á þessu fyrirkomulagi eins og komið hefur fram. Boðin verða upp á formleg foreldraviðtöl í afmælistánuði barnsins sem dreifir viðtölunum yfir árið. Foreldrum stendur svo til boða stutt viðtöl að hausti og þegar tilefni er til.

8. Samstarf leik- og grunnskóla

- Formleg áætlun er ekki til staðar þegar starfsáætlun er skilað. Gert er ráð fyrir heimsóknnum á vorönn eins og undanfarin ár og heimsóknnum 7.bekkjá á degi íslenskrar tungu. Óskandi væri að samstarf væri meira og öflugra og verður haldið áfram að vinna að því koma á formlegri áætlun.

9. Skipulagsdagar

- Sjá á leikskóladagatali í fylgiskjali. Sameiginlegir skipulagsdagar eru sérmerktir í dagatalinu.

10. Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Garðaborg

Gunnur Árnadóttir

Leikskólastjóri

15.júní 2018

Dagsetning

Deildafundir

Vikan	Austurdeild	Vesturdeild	Af hverju ekki fundur
3.-7.sept			
10.-14.sept			
17.-21.sept			
24.-28.sept			
1.-5.okt			
8.-12.okt			
15.-19.okt			
22.-26.okt			
29.okt-2.nóv			
5.-9.nóv			
12.-16.nóv			
19.-23.nóv			
26.-30. nóv			
3.-7.des			

Matslisti fyrir útiveru

Merkið inn við eftirfarandi spurningar á kvarðanum 0-5

0 er minnst og 5 er mest.

Fannst þér skipulagið nógu skýrt	
Hvernig gekk þér að vera á þínu svæði	
Hvernig fannst þér skipti á milli svæða rúlla 0=of sjaldan 5=of oft	
Fannst þér allt starfsfólk fara eftir skipulaginu	
Fannstu fyrir meira öryggi hjá þér í útiverunni	

Starfsáætlun 2018 – 2019

Garðaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Brynja Björk Magnúsdóttir
Elín Birna Skarphéðinsdóttir
Ragnheiður Sigvaldadóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Starfsáætlun Garðaborgar - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Garðaborgar 2018-2019 og telur hana vel til þess fallna að áfram verði haldið uppi faglegu starfi í leiksólanum.

Verkefnið Kynslóðir leika sem kynnt var sem tilraunaverkefni á síðasta ári er að mati Foreldraráðs einkar falleg hugmynd um tengingu kynslóða og ómetanlegt tækifæri fyrir börnin að leita í viskubrunna eldri borgara í Furugerði. Miðað við frásagnir af verkefninu var unnið með hversdagslega hluti eins og piparkökumálun, söngstundir eða páskaföndur og sköpuð önnur og meiri umgerð í kringum þessa viðburði. Með sífellt hraðara samfélagi skapast hættan á að börnin okkar kynnist ekki eldri borgurum og því sem þeir hafa fram að færa. Verkefnið er vel til þess fallið að bæði börnin og eldri borgarar fái nýja sýn á aðra kynslóð.

Vináttuverkefnið Blær, sem unnið var með á síðasta ári og miðaði að því að skapa jákvætt umhverfi og styrkja samskipti milli barna, var gott innlegg í að þroska börnin í þeim samskiptareglum sem ríkja í samfélaginu. Áframhaldandi vinna með þessi jákvæðu gildi er vel til þess fallin að styrkja börnin okkar enn frekar og sýna fram á mikilvægi þess að sýna öðrum tillitssemi og samhyggð.

Mjög jákvætt framtak var sýnt í auknu upplýsingaflæði til kennara og skilgreindum sameiginlegum markmiðum í þeirra hóp um hvernig þeir vilji sjá starfið þróast. Með starfsmannaveltu skapast hætta á að gildi, þekking og markmið verði óskýr og þeim mun mikilvægara er að finna þessum hugmyndum skýran farveg og þar með móta það umhverfi og andrúmsloft sem kennarar telja sem best fyrir nemendur.

Þessi vinna er ennfremur mikilsverð þegar kemur að móttöku nýliða í starfi þar sem skýr sýn um vænt starfsumhverfi er ljós frá upphafi. Ennfremur hefur móttaka nýliða sterka fylgni við ánægju í starfi þar sem starfsfólk veit til hvers er ætlast og gengur inn í vel skilgreint starf.

Eins og fyrri ár fá börnin hvert fyrir sig að útbúa jólagjafir eftir eigin höfði og er ferlið skráð og myndað. Það sama má segja um Öskudagsbúningana sem börnin gera sjálf. Foreldraráð telur þetta ferli einkar þroskandi fyrir börnin, fær þau til að brjótast út úr norminu um hvað sé æskilegt og hvað ekki þar sem hugmyndaflæði er frjálst og stutt er þar með við frjótt ímyndunarafl barna. Þarna er stigið frá neysludrifnu samfélaginu og ýtt undir sjálfstæði í hugsun og trú á eigin getu í framkvæmdarhlutanum. Aukinheldur er einkar ánægjulegt fyrir foreldra að fá að sjá bæði afraksturinn og ferlið sjálft í formi samantektar í máli og myndum, minningarnar eru dýrmætar og að fá að eiga svona hlutdeild í því með barniun ómetanlegt.

Foreldraráð leggur áherslu á að starfsfólk Garðaborgar, sem og annarra leikskóla, fái áfram tækifæri til endurmenntunar og verði hvatt til að sækja sér fjölbreytta fræðslu. Endurmenntun og fræðsla af ýmsum toga kveikir nýjar og ferskar hugmyndir um nálgun í þroskastarfi og viðhaldur/styður við faglegan metnað starfsmanna. Því miður hefur tímaskortur og skortur á starfsfólki orðið til þess að samráðsfundir, deildarfundir og fleira hefur fallið niður og telur Foreldraráð brýnt að leitast við að styðja við að þessum hluta starfs kennara sé sinnt.

Læsisstefna er skýr og hefur verið ágætlega fylgt eftir og brýnt að gera það sem þarf til að tryggja að henni verði áfram framfylgt og er það að hluta til hlutverk yfirvalda að tryggja leikskólanum menntaða starfsmenn til þess verkefnis. Skipulagðar ferðir á bókasafnið styðja við læsisstefnu leikskólans og stuðlar vonandi að auknum áhuga barnanna á lestri.

Samstarf hefur verið við íþróttafélagið Víking og hafa elstu börnin farið vikulega í íþróttir í íþróttahúsinu í Víkinni. Verkefnið hefur gengið einstaklega vel og börn, foreldrar og kennarar hafa verið virkilega ánægð. Mikilvægt er að halda því frábæra samstarfi áfram á næsta skólaári þar sem forvarnargildi íþróttta hefur verið margsannað og leggur grunninn að heilbrigðum lífstíl til frambúðar. Einnig er jákvætt að samstarf af þessum toga gagnast börnum frá efnaminni heimilum sem hugsanlega hafa ekki tök á að leyfa mikla tómsundaiðkun utan hefðbundins leikskóla/skólustarfs, en öll börn fá þarna tækifæra til að upplifa sig sem þátttakendur í skipulögðu tómsundastarfi.

Hluti starfsdaga leikskóla og skóla innan hverfis hafa verið sameiginlegir síðustu ár sem er mjög mikilvægt fyrir fjölskyldur enda eykur það líkur á að foreldrar geti tekið frí með börnum sínum. Foreldraráð telur að ganga mætti lengra í að samræma starfsdaga innan hverfa enda eru frídagar í skólum og leikskólum langt umfram það sem almennt launafólk hefur kost á og mikilvægt að gera það sem hægt er til að auka samvistir foreldra og barna.

Aðstöðu á leiksólanum er enn ábótavant, bæði hvað varðar aðstöðu fyrir kennara og börn innandyra og utandyra. Foreldrar tóku sig saman síðastliðið starfsár og hvöttu borgaryfirvöld til að bæta úr ástandinu. Það var foreldrum nokkur vonbrigði að borgin mat lóð Garðaborgar ekki svo slæma að tafarlausra úrbóta væri þörf en þó ber að nefna að samþykktar voru smávægilegar breytingar sem vonandi verða til batnaðar þar til komið er að Garðaborg að fá yfirhalingu á lóð sinni. Foreldraráð hvetur þó foreldra og kennara til að halda áfram að beita þrýstingi á borgaryfirvöld þar sem ástandið er hreint ekki viðunandi.